



Móttekið frá stjórnvaldi
16. DES. 2022
UMBODSMADUR ALÞINGIS

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík 15. desember 2022

Tilvísun: 2022110072

Tilvísun yðar: F123/2022

Umboðsmaður Alþingis
Þórshamri, Templarasundi 5
101 Reykjavík

Vísað er til erindis umboðsmanns Alþingis dags. 10. nóvember sl. þar sem óskað er tiltekinna upplýsinga varðandi framkvæmd brottvísunar af hálfu löggreglu þann 2. nóvember sl. og var til umfjöllunar í fjöldum.

Í samræmi við 3. mgr. 5. gr. löggreglulaga nr. 90/1996 og 23. gr. reglugerðar nr. 325/2021 um starfsemi, hlutverk og ábyrgð embættis ríkislöggreglustjóra þá annast embætti ríkislöggreglustjóra framkvæmd brottvísana og frávísana umsækjenda um alþjóðlega vernd og framsal og fangaflutninga, á grundvelli sérstaks sammnings við Útlendingastofnun og dómsmálaráðuneytið. Það atvik og sú framkvæmd sem umboðsmaður hefur til skoðunar varðaði þetta hlutverk embættisins. Rétt er að taka fram að tveir hjólastólar fylgdu með einstaklingnum þegar hann var fluttur úr landi, annar ekki rafknúinn og hinn rafknúinn.

Líkt og kemur fram í bréfi umboðsmanns Alþingis þá hefur embætti ríkislöggreglustjóra til skoðunar það verklag sem viðhaft var og er það til skoðunar að löggreglu, eftir atvikum embætti ríkislöggreglustjóra, fjárfesti í fjölnota bifreið sem verður notuð við flutning einstaklinga sem þurfa að notast við hjólastól. Hafin er skoðun á því að kaupa bifreiðina sem yrði útbúin í samræmi við það að einstaklingar sem nota þurfi hjólastól geti farið í stólnum inn í bifreiðina. Leitað er að bifreið sem yrði útbúin í samræmi við að öryggi þeirra einstaklinga sem nota þurfa hjólastól og ferðast um í hjólastólnum í bifreið sé tryggt.

Að öllum líkindum er það þó sjaldan sem nota þarf farartækið vegna einstaklinga sem nota þurfa hjólastól og komast í hjólastólnum inn í bíl og því er fyrirhugað að bifreiðin verði einnig notuð í öðrum tilgangi, en að það myndi ekki koma niður á þeim útbúnaði sem bifreiðin verður búin fyrir hjólastóla. Af þeim sökum er notað orðið fjölnota bifreið. Sem dæmi má nefna að þetta er t.d. í fyrsta sinn sem stoðdeild embættis ríkislöggreglustjóra annast flutning á einstakling sem notast við hjólastól.

Embætti ríkislöggreglustjóra vill áréttu að einstaklingar sem eru í hjólastól og þurfa að nota bifreið sem farartæki verði fluttir í þar til gerðum bifreiðum sem útbúnar eru í þessum tilgangi og í samræmi við viðurkennda öryggisstaðla, verði því viðkomíð. Við flutning frelsissvitra einstaklinga, líkt og á við í þessu tilviki, verði notast við bifreið sem er útbúin á þennan hátt, þannig að einstaklingurinn geti farið á hjólastólnum inn í bifreiðina. Slíkt getur þó ekki verið unnt í öllum tilvikum, en það fer allt eftir eðli máls hverju sinni og með hagsmuni og þarfir einstaklingsins að leiðarljósi. Er þá átt við einstaklinga sem þurfa að notast við hjólastól vegna líkamlegrar fötlunar eins og lömunar eða vegna annars sambærilegs ástands. Einstaklingar sem þurfa tímabundið að nota hjólastól s.s. vegna gönguerfiðleika, t.d. vegna hás aldurs, eða tímabundins ástands en treysta sér að setjast inn í almenna bifreið að ekki verður girt fyrir að þeir einstaklingar geti verið fluttir í almennum bifreiðum.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Embættið vinnur nú að skýrslu vegna þess brottflutnings sem málið varðar, en vegna mikilla anna meðal starfsmanna embættisins er gerð skýrslunnar þó ekki lokið. Verður hún send á dómsmálaráðuneytið. Í þessu samhengi er þó rétt að taka fram að fyrstu áætlanir stoðdeildar gerðu ráð fyrir að umræddur einstaklingur yrði fluttur til Keflavíkur í bifreið útbúinni fyrir hjólastól. Allar áætlanir breyttust þó verulega þar sem lögregla varð að flytja viðkomandi úr búsetuúrræði fyrr en stóð til og á hótel, og svo fljótegla í kjölfarið af hótelinu og til Keflavíkurflugvallar. Ástæða breytrar áætlunar var að lögreglu gat ekki lengur tryggt öryggi á vettvangi, bæði í búsetuúrræði sem og á viðkomandi hóteli vegna mótmæla sem voru hafin og einstaklinga sem hugðust jafnvel koma í veg fyrir brottflutninginn. Verður það rakið í skýrslu til dómsmálaráðuneytisins.

Að ofangreindu virtu er hér með upplýst að vinna er í gangi hvað varðar að fjárfesta í fjölnota bíl sem yrði útbúin í samræmi við það að einstaklingur sem notast við hjólastól geti farið inn í bifreiðina í stólnum og sé þar öruggur, enda verður um að ræða bifreið sem er sérstaklega útbúin til þessa en yrði einnig notuð í öðrum tilgangi. Kaup eða leiga mun ekki nást fyrir áramótin en fyrirhugað að gengið verði frá þessu á fyrri hluta árs 2023, með þeim fyrirvara að rétt útbúin bifreið finnist og fjármögnun verði tryggð.

F.h. RLS

Kristbjörn Tjóla Hróllsdóttir

